



2009

Á R S S K Ý R S L A

Efnisyfirlit	blaðsíða
Skýrsla stjórnar	20
Áritanir stjórnar og forstjóra	22
Skýrsla endurskoðenda	22
Rekstrarreikningur 2009	23
Efnahagsreikningur 31. desember 2009	24
Sjóðstreymi 2009	25
Skýringar	26

Starfsemi Lánasjóðs Vestur-Norðurlanda:

Á árinu 2009 greiddi Lánasjóðurinn 22,475 MDKK til nýrra útlána. Meðaltal útborgaðra lána síðustu þrjú árin er rúmlega 20 MDKK. Upphæð útborgaðra lána 2009 er í samræmi við þau markmið sem eru í útlánaáætluninni síðustu ár. Rekstrarafkoma ársins 2009 fyrir afskriftir var hagnaður að fjárhæð 3.747.202 DKK og eftir afskriftir 28.035 DKK.

Alþjóðleg neikvæð þróun í efnahagsmálum hefur einnig haft áhrif á færeyskan og grænlandskan efnahag, en þó í minna mæli en raunin er í öðrum löndum Vestur-Evrópu. Hinar neikvæðu efnahagslegu horfur fyrir Lánasjóðinn endurspeglast varðandi hærri afskriftir fyrir reikningsárið 2009.

Færeyskt efnahagslíf hefur, eins efnahagur flestra annara, fundið fyrir samdrætti eftir að fjármálakreppan leiddi til efnahagslegrar kreppu haustið 2008. Sambland af utanaðkomandi áhrifum og breyttum skilyrðum hefur haft neikvæð áhrif á aðalatvinnugreinar, fiskveiðar og fiskvinnslu. Útflutningsverðmæti hefur verið lækkað og þrátt fyrir lægra olíuverð á árinu 2009 en 2008, þá er það hátt í samanburði við tímenn fyrir 2008. Þess vegna eiga atvinnugreinar í útflutningi erfitt með að fá reksturinn til að ganga upp.

Opinberir sjóðir gera ráð fyrir töluverðu tapi í fjárhagsáætlunum og það er áskorun að komast út úr þessum aðstæðum á komandi árum, án þess að það hafi veruleg áhrif á allt efnahagslífið. Tap færeyska Landssjóðsins verður fjármagnað með útgáfu skuldabréfalána.

Greiðsluöfnuður við útlönd hefur verið jákvæður síðustu árin og samfélagið á því til góða í kringum 4 MDKK.

Laxeldi hefur verið vaxandi síðustu ár og útflutningsverðmætin slógu met árið 2009 þar sem þau öfluðu ca. þriðjungu heildarútflutnings. Auk þess er fiskverð í byrjun árs 2010 hærra en það hefur verið lengi.

VÞF við lok árs 2009 er áætlað verða 11.784 MDKK, lækkan um 4,2% frá lok árs 2008. Síðasta opinbera greining sýnir framför, að VÞF hækki um ca. 3% á ári bæði 2010 og 2011.

Atvinnuleysið hefur vaxið frá upphafi kreppunnar en nam 1,2% sumarið 2008. Í lok árs 2009 hafði atvinnuleysið hækkað í 5,4%. Verðbólga var að meðaltali -0,1% árið 2009.

Í Færeyjum hefur stærsta hluta útlánasafns Lánasjóðsins verið ráðstafað til landvinnslu hjá sjávarútveginum. Flest þessara fyrirtækja skiluðu óásættanlegri rekstrarmiðurstöðu árið 2009 sem þýðir að þau munu sýna tap í reikningsskilum.

Hin alþjóðlega efnahagskreppa hefur einnig haft áhrif á Grænlandi. Áhrifanna gætir þó minna en í flestum öðrum löndum. Þetta er vegna þess að grænlandsk heimastjórnin fær fjárveitingu frá danska ríkinu, sem nemur ca. helmingi allra opinberra tekna.

Opinberi efnahagurinn er undir þrýstingi. Reikningsskil grænlandsk Landssjóðsins sýnir tap á árinu 2009. Tapið er töluvert hærra en reiknað var með vegna þess að heimastjórnin neyddist til að sjá til þess að sjávarútvegsfyrirtækið Royal Greenland A/S í eigu heimastjórnarinnar væri greiðsluhæft. Tapið á árinu 2010 er áætlað að verði upp á ca. 200 MDKK, en mun lækka fram til ársins 2013 miðað við áætlun fjárlaga. Tapið hefur hingað til verið fjármagnað af því eigið fé, sem hefur safnast upp fyrri ár, þar sem hagnaður hefur verið í fjárhagsáætlunum.

Grænlandskt efnahagslíf hefur verið vaxið á árunum 2004 til 2008. Árið 2009 varð hins vegar samdráttur og neikvæður vöxtur sem var afleiðing hinnar alþjóðlegu efnahagskreppu. Greina má að allt að tvö prósent lækkan í VÞF. Í sjávarútveginum sem er stærsta grænlandsk útflutningsgreinin með 85% hlutdeild af heildar útflutningsverðmætum er gert ráð fyrir minnkandi rækjuafli 2010 sem mun leiða til minni framleiðslu á árinu 2010. Rækjuveiðir hefur verið lækkað í mörg ár. Þegar rækjuveiðar nema ca. 60% af heildarútflutningi grænlandsk fiskútflutnings, getur þróun þessara veiða haft neikvæð áhrif á VÞF á árinu 2010. Samdráttur í útflutningi námuvinnsunnar vegna fjármálakreppunnar getur jafnframt haft neikvæð áhrif á þróun VÞF.

Meðaltals atvinnuleysi á mánuði 2009 nam 4,6% af nýttanlegu vinnuafli á móti 4,0% árið 2008. Verðbólga lækkaði á árinu 2009 samanborið við árið 2008. Búist er við að verðbólga haldist áfram lág árið 2010. Fjöldi ferðamanna árið 2009 var 10% færri en 2008. Útlið fyrir árið 2010 er lítilsháttar aukning í fjölda ferðamanna í samanburði við 2009.

Á Grænlandi fjármagnaði Lánasjóðurinn árið 2009 sex verkefni með sjö lánum, samtals að fjárhæð 22,475 MDKK. Lánin voru veitt til hótels að fjárhæð 8 MDKK, bátasölu að fjárhæð 4,5 MDKK, lán vegna farþegabáts að fjárhæð 2,9 MDKK, húsnæði fyrir endurskoðunarskrifstofu að fjárhæð 3,5 MDKK, tvö lán til fyrirtækis sem rekur bifreiðþjónustu, samtals að fjárhæð 2,375 MDKK, auk olíuflutningsbíls að fjárhæð 1,2 MDKK.

Lánasjóðurinn hefur samkvæmt útlánaáætlun sinni markvisst unnið að því að finna einnig verkefni utan ferðaiðnaðarinnar. Þetta endurspeglast í samsetningu þeirra

lána sem veitt hafa verið, sem er skipt á mismunandi atvinnugreinar.

Vaxtatekjur Lánasjóðsins 2009 minnkuðu um 388.324 DKK í samanburði við árið á undan. Það skýrist aðallega af mikilli lækkun á alþjóðlegu vaxtastigi. Heildar kostnaður við stjórnun og skrifstofuhald var 3,376 MDKK (3,241 MDKK árið 2008). Framlög í afskriftareikning vegna taps á útlánum ásamt útgjöldum vegna veða voru 3,719 MDKK (4,089 MDKK árið 2008). Á árinu 2009 var rekstarafkoma Lánasjóðsins fyrir framlag til NORA 28.035 DKK (125.149

DKK árið 2008) og eftir framlag til NORA 0 DKK (0 DKK árið 2008). Samkvæmt samþykktunum ber að veita af hagnaði allt að 1,5 MDKK til NORA. 28.035 DKK hafa því verið lagðar til hliðar í reikningshaldi.

Skrifstofur og starfsfólk:

Lánasjóðurinn er með skrifstofu í Reykjavík, í Nuuk og í Færeyjum. Sjóðurinn hafði tvo starfsmenn. Skrifstofunni í Færeyjum er þjónað frá Nuuk. Samtals voru tvö ársverk.

ÚTBORGUÐ LÁN

Fimm lán til grænlenkra verkefna í þjónustu:

Autonord ApS.	• þjónustuverkstæði	2.000.000 DKK	12 ár
Autonord ApS	• þjónustuverkstæði	375.000 DKK	5 ár
Yama Tek A/S	• verslun	4.500.000 DKK	15 ár
Sisimiut Olie	• olíuflutningabíll	1.200.000 DKK	7 ár
BK Revision ApS	• skrifstofubygging	3.500.000 DKK	15 ár

Tvö lán til grænlenkra verkefna í ferðapjónustu:

Arne Niemann	• ferðabátur	2.900.000 DKK	10 ár
Arctic Invest ApS	• hotel	8.000.000 DKK	15 ár

Útborguð lán alls til vestnorræna verkefna: 22.475.000 DKK

HORFUR

Lánasjóðurinn stefnir áfram að því að auka tengsl við atvinnulíf í vestnorrænu löndunum þremur, bæði hvað varðar einstök verkefni í Færeyjum og á Grænlandi, en það á einnig við um samstarfsverkefni.

Í Færeyjum vinnur Lánasjóðurinn að því að ná tengslum við fyrirtæki innan margra atvinnugreina. Framvegis mun útlánasafnið samanstanda af meiri fjölbreytni hvað varðar atvinnugreinar.

Í Grænlandi hefur Lánasjóðurinn svipað og fyrri ár tekið þátt í fjármögnun margra mismunandi atvinnugreina. Þess skal þó getið að ferðapjónustan fær ennþá stærsta hluta af útlánum Lánasjóðsins. Lánasjóðurinn mun auk þess áfram leggja áherslu á að finna möguleg samstarfsverkefni.

Rekstarafkoma ársins 2009 var 28.035 DKK fyrir framlag til NORA. Stjómin telur ásættanlegt, að við gefin skilyrði hafi Lánasjóðurinn skilað hagnaði. Stjómin væntir þess að samanlögð upphæð nýrra útlána árið 2010 verði lægri en útlán, sem Lánasjóðurinn greiddi út 2009. Reiknað er með að hagnaður fyrir afskriftir árið 2010 verði lægri en 2009

sem er afleiðing af verulegu falli vaxtastigs á árinu 2009.

Verði framhald á samdrætti í fiskiðnaði í Færeyjum og ferðaiðnaðurinn á Grænlandi verði fyrir neikvæðum áhrifum efnahagslegrar þróunar í Vestur-Evrópu á árinu 2010, gætu þau fyrirtæki sem Lánasjóðurinn hefur fjármagnað átt á hættu að skila tapi. Þetta getur haft í för með sér hæmi afskriftir vegna taps fyrir Lánasjóðinn og þar með að rekstrarafkoma eftir afskriftir verði lægri en árið 2009.

Lánasjóðurinn er nú með stofnfé sitt að mesu leyti bundið í útlánum. Sú staða ásamt hinum ótryggu efnahagslegu framtíðarhorfum hefur verið grundvöllur fyrir ítarlegum umfjöllunum stjórnarinnar. Stjómin hefur með hliðsjón af aðstæðum samþykkt nýja útlánaáætlun. Að auki hefur Lánasjóðurinn fengið yfirdráttarheimild allt að 10 MDKK, sem verða til þess að Lánasjóðurinn hafi nauðsynlegt lausafé til að geta starfað í samræmi við hina samþykktu útlánaáætlun. Útlánaáætlunin er aðgengileg á heimasíðu Lánasjóðsins. Stjómin væntir þess að Lánasjóðurinn hafi það nauðsynlega fé sem þarf til að geta haldið þjónustustigi sem er ásættanlegt, þrátt fyrir að ný útlán til nýrra fyrirtækja gætu orðið eitthvað lægri en þau hafa verið hin síðari ár.

ÁRITANIR STJÓRNAR OG FORSTJÓRA

Jørn Birk Olsen
Grænlandi – formaður

Jens Erik Magnussen
Færeyjum – varaformaður

Claus Juul Nielsen
Danmörk

Elina Selinheimo
Finnlandi

Haukur Halldórsson
Íslandi

Bjørn Normann Hansen
Noregi

Inga Thoresson - Hallgren
Svíþjóð

Undirritað á stjórnarfundum í Allinge, 20. apríl 2010:

Sverri Hansen
Forstjóri

ÁRITANIR ENDURSKOÐENDA

Áritun óháðra endurskoðenda

Til stjórnar og eigenda Lánasjóðs Vestur - Norðurlanda. Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning lánasjóðsins fyrir rekstrarárið 1. janúar til 31. desember 2009. Ársreikningurinn hefur að geyma áritun og skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og reikningshaldslegu mati miðað við aðstæður.

Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits félagsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2009, efnahag þess 31. desember 2009 og breytingu á handbæru fé á árinu 2009, í samræmi við lög um ársreikninga.

Reykjavík þann 8. apríl 2010

Árni Snæbjörnsson
Löggiltur endurskoðandi

Sveinn Arason
Ríkisendurskoðandi

REKSTRARREIKNINGUR 1. janúar - 31. desember 2009

	<i>Skýringar</i>	2009 DKK	2008 DKK
VAXTATEKJUR			
	Vaxtatekjur af bankainnstæðum	160.476	1.043.261
	Vaxtatekjur af útlánnum	6.924.301	7.343.189
	Gengismunur	(22.367)	(935.715)
	Vaxtatekjur alls	7.062.410	7.450.735
VAXTAGJÖLD			
	Vaxtagjöld af innlánnum	1.089	0
	Vaxtagjöld alls	1.089	0
	Samtals vaxtatekjur	7.061.321	7.450.735
AÐRAR TEKJUR			
	Aðrar tekjur	62.157	0
	Aðrar tekjur alls	62.157	0
	Samtals tekjur frá rekstri	7.123.478	7.450.735
REKSTRARGJÖLD			
	Laun og launatengd gjöld	1.627.138	1.551.047
	Stjórnun	1.697.167	1.689.619
	Afskrift íbúðar	51.972	0
	Stjórnarkostnaður alls	3.376.277	3.240.666
	Framlög í afskriftareikning	3.719.166	4.084.920
	Tap og afskriftir alls	3.719.166	4.084.920
	Rekstrargjöld alls	7.095.443	7.325.586
	Hagnaður	28.035	125.149
	Styrkur til NORA	28.035	125.149
		28.035	125.149
HAGNAÐUR ÁRSINS			
		0	0

EFNAHAGSREIKNINGUR 31. desember 2009

Eignir	Skýringar	2009 DKK	2008 DKK
SJÓÐUR OG KRÖFUR Á LÁNASTOFNANIR			
	Innistæður í banka	7.172.046	12.936.555
	Sjóður og kröfur á lánastofnanir alls	7.172.046	12.936.555
ÚTLÁN			
	Útlán	111.410.562	105.453.255
	Fullnustueignir	0	191.061
	Útlán alls	111.410.562	105.644.316
FASTAFJÁRMUNIR			
	Íbúð	2.835.372	2.887.344
	Fastafjármunir alls	2.835.372	2.887.344
AÐRAR EIGNIR			
	Skuldunautar	201.558	73.502
	Aðrar eignir alls	201.558	73.502
EIGNIR SAMTALS		121.619.538	121.541.717
SKULDIR			
Skuldir	Skýringar	2009 DKK	2008 DKK
AÐRAR SKULDIR			
	Lánadrottinnar	119.900	70.114
	Styrkur til NORA	153.185	125.149
	Aðrar skuldir alls	273.085	195.263
INNLAN			
	Innlán vegna íbúðar	567.000	567.000
	Innlán alls	567.000	567.000
EIGIÐ FÉ			
	Stofnfé	91.284.091	91.284.091
	Varasjóður	29.495.362	29.495.363
	Hagnaður ársins	0	0
	Eigið fé alls	120.779.453	120.779.454
SKULDIR OG EIGIÐ FÉ SAMTALS		121.619.538	121.541.717

SJÓÐSSTREYMI 2009

	2009 DKK	2008 DKK
<i>HANDBÆRT FÉ (TIL) FRÁ REKSTRI</i>		
Hagnaður ársins	0	0
Reikningar sem hafa ekki áhrif á handbært fé	3.938.980	3.125.902
Handbært fé (til) frá rekstri	3.938.980	3.125.902
<i>FJÁRFESTINGAHREYFINGAR</i>		
Afborganir af lántökum	12.707.307	14.602.732
Útborguð lán	(22.475.000)	(28.450.000)
Sala innleystra veða	67.474	(55.109)
Skuldunautar	(53.056)	68.500
Íbúð	0	(2.320.344)
Fjárfestingahreyfingar	(9.753.275)	(16.154.221)
<i>FJÁRMÖGNUNARHREYFINGAR</i>		
Lánadrottinnar	49.786	7.412
Fjármögnunarhreyfingar	49.786	7.412
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	(5.764.509)	(13.020.907)
Handbært fé í ársbyrjun	12.936.555	25.957.462
Handbært fé í árslok	7.172.046	12.936.555

SKÝRINGAR

1) **Skipting kostnaðar við stjórnun**

Húsaleiga og skrifstofubúnaður	375.455
Fundir og ferðalög	711.477
Kostnaður við skrifstofuhald o.fl	610.235

Samtals 1.697.167

2) **Framlög í afskriftareikning**

Afskriftareikningur útlána 1/1 2009	13.444.484
Afskriftir á árinu	3.719.166
Staðfest tap á árinu	(548.435)

Afskriftareikningur útlána í árslok 2009 16.615.215

- 3) Stjórnin leggur til að í samræmi við samþykktir Sjóðsins verði veittur styrkur til NORA sem nemur hagnaði ársins að upphæð 28.035 DKK. Gert hefur verið ráð fyrir þessari fjárhæð í reikningunum. Framlag Sjóðsins til NORA árið 2008 var 125.149 DKK. Styrkurinn til NORA vegna ársins 2008 var greiddur út í febrúar 2010.